

Kennsluáætlun ÍSAT B1 2021-2022

Þessi kennsluáætlun er miðuð við þrep B1 í evrópska tungumálarammanum (ET). Viðmið við lok B1 eru:

Ég skil aðalatriði venjulegs talmáls um efni sem ég þekki og tengjast vinnu minni, skóla, frístundum o.fl. Ég get skilið í grófum dráttum aðalatriði í mörgum útvarps- og sjónvarpsþáttum um málefni líðandi stundar eða efni sem tengjast mér persónulega eða faglega þegar talað er tiltölulega hægt og skýrt. Ég get lesið texta sem innihalda aðallega algeng orð úr daglegu lífi eða orðaforða sem tengist atvinnu minni. Ég skil lýsingar á atburðum, tilfinningum og óskum í persónulegum bréfum.

Ég get tekist á við flestar aðstæður sem geta komið upp á ferðalagi um svæði þar sem málið er talað. Ég get óundirbúin(n) tekið flátt í samræðum um efni sem ég þekki, hef áhuga á eða tengjast daglegu lífi (t.d. fjölskyldu, áhugamálum, starfi, ferðalögum og málefnum líðandi stundar.) Ég get tengt saman orða-sambönd á einfaldan hátt til þess að lýsa reynslu og atburðum, draumum mínum, væntingum og framtíðaráformum. Ég get rökstutt stuttlega og útskýrt ákvarðanir mínar og fyrirætlanir. Ég get sagt sögu eða sagt frá söguþræði í bók eða kvikmynd og lýst viðbrögðum mínum.

Ég get skrifað einfaldan samfelldan texta um efni sem ég þekki eða hef áhuga á. Ég get skrifað bréf sem lýsa reynslu og hughrifum.

Mánuður	Helstu markmið	Verkefni og viðfang	Kennsluefni – aðföng	Mat - hæfnimat
Ágúst	Stöðumat og upprifjun á fyrra námi.	Stöðumat (getur verið munnlegt eða skv. ET) Málfræði: Pfn., kyn, tala, þf., þgf., sagnareglur	<i>Íslenska fyrir alla 3 Passi evrópska tungumálarammans.</i> <i>Æfingar úr Íslenskunámunni og málfræðibókum og viðbótarefni úr ÍFA3.</i>	Allir efnispættir eru metnir jafnt og þétt. Skráð í hæfnikort á Mentor.
September	Að skilja aðalatriði venjulegs talmáls um efni sem ég þekki og tengjast vinnu minni, skóla, frístundum o.fl.	Daglegt líf unglings. Vinir, skólinn, still og áhugamál. Málfræði: Lýsingarorð, samheiti og andheiti, skammstafanir. Hrós.	Vefurinn <i>Skólablaðið</i> af mms.is, fyrsti hlutinn: Ritnefndin í bænum. Málfræðiæfingar sem tengjast <i>Skólablaðinu</i> .	

Kennsluáætlun ÍSAT B1 2021-2022

			Leikir sem þjálfá málfræði og orðaforða s.s. þvottasnúruleikurinn.	
Október		Daglegt líf unglings. Íþróttir. Verslanir. Mismunandi staðir. Tilfinningar.	Vefurinn <i>Skólablaðið</i> af mms.is, annar hluti: Ritnefndin í bænum. Málfræðiæfingar sem tengjast <i>Skólablaðinu</i> .	
Nóvember		Daglegt líf unglings. Matur, föt, tónlist, fram tíðarstörf. Málfræði: Þátíð sagna,	Vefurinn <i>Skólablaðið</i> af mms.is, þriðji hluti: Greinaskrif. <i>Hitt og þetta</i> , bls. 52-57 um skólamat. Málfræðiæfingar. Sagnaverkefni úr <i>ÍFA3</i> , 8. kafla.	
Desember		Ferðalög Málfræði: Eignarfall, sagnbeyging	<i>ÍFA4</i> , 2. kafli.	
Janúar		Skóli og menntun Málfræði: Forsetningar og föll.	<i>ÍFA4</i> , 3. kafli. <i>Hitt og þetta</i> , bls. 64-71.	

Kennsluáætlun ÍSAT B1 2021-2022

Febrúar		Fjölmiðlar, samfélagsmiðlar og sjónvarp.	E.t.v. nota <i>ÍFA4</i> , 5. kafla og hluta út <i>Hitt og þetta</i> , t.d. „Á netinu“, bls. 58-62.	
Mars		Gæludýr (?)	<i>Hitt og þetta</i> , textar um gæludýr bls. 44-51.	
Apríl		Unnið með þá þætti sem vantar upp á.		
maí		Upprifjun og mat.		